

af hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrkþegi. 35
14. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 42, 31. maí 1927, 1.—2. gr., inn í meginmál laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt sem lög um varnir gegn berklaveiki.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

um

viðauka um lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Læknar í Reykjavík skulu jafnan skila vikuskýrslum, sem af þeim eru heimtaðar, á pósthúsið eigi síðar en á mánudagskvöld í næstu viku.

Mánaðarskýrslum skulu læknar utan Reykjavíkur skila á næstu póststöð eigi síðar en sjö nóttum eftir mánaðarmót.

Ársskýrslum skal skila eigi síðar en í febrúarlök næsta ár.

36 Fyrirspurnum landlæknis um heilsufar í símskeytum skal svara 14. júní samdægurs eða á næturfresti.

2. gr.

Nú vanrækir læknir að senda fyrirskipaðar skýrslur í tæka tíð, og getur þá dómsmálaráðherra, eftir tillögum landlæknis, látið þann lækni sæta dagsektum, 5 kr. fyrir hvern dag, er líður fram yfir settan frest, sbr. 1. gr.

Þessar sektir má taka lögtaki og skal sektarféð renna í „Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenzkra lækna“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

37
14. júní

L Ö G

um

héraðsskóla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Héraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Laugum í Reykjadal, Hvítárbakka í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu. Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og réttindi þessara laga nema samþykki stofnenda komi til.